

MYNDLIST

Helgiblær

Allt sem er einfalt í sniðum hefur yfir sér helgiblær ef það er unnið af einlægni. Á sama hátt og vísindin hafa beint athygli sinni og rannsóknunum að hinu einfalda og leynda hefur listin líka horfið frá flúri að hinum heilaga einfaldleika sem hefur yfir sér helgiblær.

Allar sýningarnar sem nú eru að Kjarvalsstöðum hafa yfir sér blær sem dásamar sköpunarverkið. Þær eru einslags inngangsörð. Og ef áhorfandinn þekkir inngangsörðið þá kemst hann ekki aðeins að list þessa fólks: Sæmundar Valdimarssonar, Ívars Valgarðssonar, Rúrí, Rúnu Þorvaldsdóttur, Þórs Vigfússonar, heldur inn í Paradís og aldingarðinn Eden.

Listaverkin eru leikmenn aldingarðsins: Þarna eru dýr, þarna eru töflur, þarna er hafið, þarna er hið glerkennda regn sem er líka gagnsær skógur, og þarna er hafið og ræturnar sem hafið skolar á land. Og þarna eru guðirnir úr tré: maðurinn og konan, eftir Sæmund Valdimarsson. Og bæði kynin eru handleggjalaus, líka ungbörmin, svo þau geti ekki gert neitt illt af sér. Þar með er tryggt að ekkert ódæðisverk verði unnið. Að þessu leyti er Sæmundur æðri guði, eða handverk mannsins æðri verkum skaparans, að hann sviptir manninn höfuðtæki sínu: höndunum. Höggmyndirnar skortir því það sem Sæmundur hefur í rikustum mæli: hendur. Í undirmeðvitund allra listamanna er löngun til að svipta listaverkið þeim hæfileikum sem eru ríkastir hjá listamanninum, til þess að listaverkið geti ekki farið frá skapara sínum þótt aðrir umgangist það. Enginn listamaður lætur listaverk sitt fúslega af hendi: hann vill bæði halda og sleppa.

Þeir listamenn sem eru fremur gæddir eðlilegum og óbrotnum listvilja en skólaðir í að nýta huga og hæfileika og listaári, eru varnarlausir gagnvart dulvitund sinni. Þeir taka ekki einu sinni eftir hvað þeir eru að tjá. Og lærðari listamenn mættu líka vera gleymnari en þeir eru á tilgang verka sinna. Áhorfandinn verður að fá að segja síðasta orðið og hafa vit á hlutunum. Þótt listamaðurinn hugsar með sjálfum sér: Samt snýst það; óðruvísi. En Sæmundur er ekki aðeins slyngur við að koma dulvitund sinni á framfæri, hann leyfir efninu líka að ráða hæfilega mikið fór handarinnar, lætur það ekki lúta handverkinu algerlega. Við vitum

alltaf að manneskjurnar eru, eins og Askur og Embla, úr rekaviði. Það þekkest af hárinu tákni kraftsins. Sæmundur er afar sjálfstæður listamaður og fer hæfilega nálægt goðsögum. Þær óma þó frá verkum hans, meðvitaðar, ómeðvitaðar: germanskar, kristnar, fónískar, grískar. Sem dæmi um táknefni er nær einbrjósta kona og maðurinn með

ýsuroð fyrir skýlu. Og rákin látin sjást, farið eftir skítuga nögl skrattans sem ætlaði að hremma fiskinn (eða það sem er undir skýlunni). En það er samt ekki ætlun mín að kunngerá hið ómeðvitaða í hinum skornu líkneskjum. Þó langar mig að segja að íslenskur myndlistaráhugi síðustu áratuga er falinn í þeim: flett hefur verið mörgum bók-



Myndir fimmhöfunda að Kjarvalsstöðum – náma fyrir þann sem stundar samburðarlistfræði.

eftir Guðberg Bergsson



um og myndir þeirra setið eftir með ýmsum hætti í huganum. Allt er ummótað á afar handlistarlegan máta, persónulega.

Því miður njóta myndirnar sín ekki vel sökum þess hve þröngt er um þær. En þær eru náma fyrir þann sem stundar samburðarlistfræði eða vill forvitnast um upprunalega myndvitund eða athuga samleik brúðu og líkneskju, eða leiðina frá brúðinni til höggmyndarinnar. Í Du mythe au roman (Frá goðsögunni til skáldsögunnar) fjallar Dumezil um Íslendingasögurnar og þróun þeirra og gerð. Eflaust þarf einhvern útlending til að láta listvini hér reka augun í það sem hér er gert að hornreku á gangi.

Og úr því ég minntist á Frakka, mundi Segalen eflaust ekki hafa haft á móti því að skoða Stele (segjum það þýði bautasteinn) Ívars Valgarðssonar og þær töflur sem hanga örlítið ritflúraðar á veggjum. Takið eftir að hér verður efnið að lúta viljanum, það er svipt uppruna sínum og lögun, en þó eins og til bráðabirgða: tíminn mun leysa steinana upp og láta þá hverfa aftur til efnis síns. En ég segi eins og Segalen: ce n'est point dans ta peau de pierre, ég ætla ekki að grafa hugann gegnum steinhörund þessara listaverka eða baða hann í tíma og glervatni. Listin sem hangir nú að Kjarvalsstöðum er ekki skrifuð fornsögum, eins og stendur í Egils sögu, samt er hvarvetna ritlist í henni. Þar er hæfilegt samræmi ritlistar og myndlistar. En mest um vert er stærð hennar. Ekki er lengur miðað við hinar smáu íslensku stofur. Það er ekkert verið að biðla til þeirra, í von um að eitthvað slæðist inn. Listin er ætluð almennig. Hún er komin út.

En hvar eru söfnin? Hvar er stórhugur þeirra? Mig grunar að söfnin ætli að kúra áfram í kraðakinu í íslensku stofunum. Það er alveg sama hver kemst í safnráð; íhaldsmaður, kommúnisti, framúrsteffnumaður, landslagsmálari. Þeir kafa allir í kaffinu og kremkexinu frá Frón, og segja eins og Albert:

Það er ekkert til í kassanum.

Í rauninni er ekkert til í höfðinu, enginn vilji til neins nema vera nógu litill og mjúk-máll og tala þvert um hug sér – sem þó er kannski enginn – en rjúka upp með hávaða og ofstoppa á köflum og halda að ofstæki sé merki þess að einhver hafi ákveðna skoðun.

BÓKMENNTIR

Þykjustuleikir og alvörudraumar

Vigdís Grímsdóttir:
Tíu Myndir úr lífi þínu – sögur um þykjustuleiki og alvörudrauma.
Smásögur, 91 bls.
Svart á hvítu 1983.

Þetta er ein af eftirtektarverðari bókum sem út komu fyrir seinustu jól. Hún hefur að geyma 10 sögur sem tengdar eru með stuttum ljóðum. Auk þess hefst bókinn og endar á ávarpi til lesandans sem myndar eins konar ramma um sögunar.

Sögurnar fjalla allar um konur á ýmsum aldri og við ólíkar kringumstæður. Hér er lítið lagt upp úr atburðarás og samtölum en til lesandans tala ólíkar raddir sem bregða upp myndum af aðstæðum og sálarlífi sögupersónanna. Stundum er þar um innri eintöl að ræða, stundum er talað við einhvern sem er fjarstaddur eins og þegar kona talar til manns sem hún sér út um gluggann sinn standa hinum megin götunnar. Sú fjarlægð sem þannig er á milli mælenda og viðmælenda minnir á bilið milli ég-s textans og lesandans sem reynt er að brúa í ávarpinu til lesandans í upphafi og lok bókarrinnar.

Lesandinn skynjar fljótlega að þessar

raddir eru misjafnlega trúverðugar. Rödd konunnar sem lýsir fyrirmyndar hjónabandi sínu og er fullkomlega sátt við tilveru sína á bls. 19 þegar hún sest í ljósbrúna leðursófann í stofunni, andvarpar og teygir úr löngum fallega lönguðum fótleggjunum er t.d. ekki ýkja sannfærandi. Og enda þótt við fáum ekki að glugga í ljóðin og sögurnar, sem hún viðurkennir að hafa samið á bls. 20 en sýnir engum „því fólk kynni að halda að ég væri ósátt við tilveruna“, grunar okkur að þar birtist allt önnur mynd af henni sjálfri.

Einhvers staðar þar sem vikið er að einni karlpersónu sem kemur við sögu er talað um „öll orðin sem hann segir, öll orðin sem hann notar til að forðast viðkvæmu augnablikin, sem hann er alltaf svo hræddur við...“ (62). Hér er oftlega beinlínis og óbeinlínis vísað til þeirrar kreppu í mannlegum samskiptum sem slíkar orðræður bera vitni. Það er eftirtektarvert að í sumum sögunum segja orð barna okkur meira um heim hinna eldri en orð fullorðinna sjálfra.

Á hliðstæðan hátt, og ekki er allt sem sýnist í sambandi við raddirnar í sögunum, leyndast iðulega á bakvið þöndahlutverk kven-

persónanna alvörudraumar og stór áform. Úr djúpum sálarlífsins brjótast fram ofbeldi og óhugnaður, sjálfsmorðshugleiðingar og áætlanir um eiturmorð. Þá er gjarnan vísað til ævintýra, þessara aldagömlu tákmynda dulvitundarinnar, sem birtast í óvæntu ljósi. Þyrnirós, Óskubuska, Rauðhetta og Mjallhvít eru leiddar fram á sjónarsviðið. Í einni sögunni reynir kona að skýra fyrir karlmanni að draumurinn um riddarann á hvíta hestinum sé sprottinn úr erfiðum kringumstæðum og skorti á möguleikum.

„Þú heldur sjálsagt að ég öfundi þig af velheppnaðri stöðu þinni og gefur mér bága einkunn fyrir bragðið, vegna þess að í þin-

um augum er gæfa sérhvers manns einfaldlega bundin því lífi sem hann velur sér sjálfur... En haldirðu þetta ennþá skilurðu heldur ekki kvölinu sem fylgir því að vakna upp einn daginn og sjá að maður getur ekki valið en er samt sjálfum sér til upplýftingar að biðja eftir einhverju óvæntu sem ef til vill kemur í staðinn...“ (66)

Í annarri sögu er fjallað um gamla konu sem er neydd til að flytja úr íbúð sinni á háaloftinu þar sem hún hefur dvalist stærstan hluta ævinnar. Það vefst hins vegar fyrir vandamönnum að skilja að þessi íverustaður er órjúfanlega tengdur draumum hennar og endurminningum. Jafnframt verður nýja íbúðin með fullkomnari þægindum ákall til hennar um að afmá fortíð sína og „tæma hugann“.

Ég má einnig til með að geta síðustu sögunnar í bókinni. Þar er á mjög sláandi hátt teft saman tveimur sjónarhornum, annars vegar konu í bankastjórastöðu og hins vegar skúringakonu sem þrífur skrifstofu hennar.

Vigdís Grímsdóttir rekur í þessari bók brýn erindi og sýnir kunnáttusamleg og óvenjuleg efnistöð.

eftir Arna Óskarsson

